

Slys á stofnbrautum höfuðborgarsvæðisins – Greining á slysum í þéttbýli. Mannvit – ágúst 2019.

Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar hefur styrkt verkefni (skýrslur dagsettar í janúar 2017 og janúar 2018) þar sem slysatiðni á Reykjanesbraut var greind m.a. með tilliti til breytinga á lýsingu (slökkt á öðrum hverjum ljósastaur). Auk þess voru fleiri þættir teknir til skoðunar, s.s. tenging við fjölda ferðamanna, skráðar orsakir slysa, dreifing umferðar yfir sólarhringinn og tímasetningu fluga til og frá Keflavíkurflugvelli. Í þessum verkefnum kom fram að erfitt var að fá fram marktækar niðurstöður vegna þeirrar þversagnar að ekki hafi orðið nægilega mörg slys á brautinni í athugunartímanum.

Í verkefninu sem þessi skýrsla fjallar um var gagnasafnið stækkað og allar stofnbrautir á höfuðborgarsvæðinu teknar til skoðunar. Tíu ára tímabil, 2008-2017, var undir en þá urðu yfir 14.000 slys. Í verkefninu voru slysin skoðuð út frá ýmsum atíðum, s.s. tíma árs, birtustigi, aldri og kyni þeirra sem lentu í slysunum, umferðarpunga, fólksfjölda, staðsteningu og skráðum orsökum slyssanna.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að fjöldi slysa hefur aukist frá árinu 2008. Stökk varð milli árána 2008 og 2009 en síðan fór slysum fækkandi til ársins 2013 en hefur fjölgað síðan. Slysum hefur fjölgað hlutfallslega umfram fólksfjölgun á sama tíma, sem og umfram ekna kílómetra. Alls létust 22 á tímabilinu. Fjöldi lítilvægra meiðsla er nokkuð stöðugur á ári á tímabilinu, en fjöldi aðila sem lenda í slysum án meiðsla hefur aukist lítillega. Slys dreifast nokkuð jafnt eftir tíma dagsins og fylgja ekki ferlum fyrir stöðu sólar, birtustig virðist því hafa lítil áhrif. Flest slys áttu sér stað í janúar og febrúar. Sterk tengsl eru milli kyns og fjölda slysa sama hvort horft er á orsakavalda, ökumenn eða alla sem koma að slysum. Hlutfallið er í öllum tilvikum um það bil 40% konur á móti 60% karlar. Flestir sem lenda í slysum eru í kringum tvítugsaldurinn. Lang algengasta orsök slysa er mannleg mistök. Þar koma m.a. inn atriði eins og stutt bil á milli bifreiða og ógætilega skipt um akrein (samtals 34%). Þegar umhverfisþættir eru skráðir sem orsakavaldar er það slæm færð sem er langstærsti flokkurinn (62%). Ríflega helmingur slysa á sér stað við gatnamót.

Í skýrslunni er vitnað til erlendra rannsókna og fram kemur að niðurstöður hér eru sambærilega og komið hafa fram í Danmörku. Þó mun megi finna á einstaka þáttum er bent er á að hugsanlega megi skýra það með því að flokkun og skráning slysa sé mismunandi milli landanna.